

Sveitarfélagið Hornafjörður  
b/t Guðlaugur Róbertsson  
Hafnarbraut 27  
780 Höfn í Hornafirði

Reykjavík, 12. júlí 2019  
UST201906-244/A.B.  
10.04.02

### **Efni: Lýsing – Aðalskipulag Sveitarfélagsins Hornafjarðar 2012-2030- þétting byggðar á Höfn í Hornafirði**

Vísað er til erindis skipulagsstjóra Sveitarfélagsins Hornafjarðar er barst 24. júní sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu að tillögu að breytingu á aðalskipulagi sveitarfélagsins.

Breytingin tekur til stækkunar íbúðarsvæðisins ÍB9 í þéttbýlinu á Höfn. Svæðið verður stækkað um u.þ.b. 1 ha.

#### **Græn svæði**

Á svæðinu sem er hér til umfjöllunar er leiksvæði og bendir Umhverfisstofnun því á mikilvægi þess að gert er ráð fyrir grænum svæðum til útiveru í tillögunni.

#### **Leirur**

Umhverfisstofnun bendir á að breytingin liggur að leirusvæði, en stofnunin telur að leirurnar falli undir a. lið 1. mgr. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. greinarinnar. Skv. 3. mgr. ber að forðast röskun þeirra náttúruyfyrirbæra sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ er lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að fjallað sé um í tillögunni hvort að aðalskipulagsbreytingin hafi áhrif á leirurnar og það lífríki sem þar er.

### Aðgengi meðfram sjó

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að það sé nægt rými fyrir meðfram ströndinni, svo að útivistargildi skerðist ekki. Stofnunin bendir á að í skipulagsreglugerð nr. 90/2013 kemur eftirfarandi fram í gr.5.3.2.14., skipulag við vötn ár og sjó. „Í þéttbýli skal lögð áhersla á að almenningur geti komist að og meðfram vötnum, ám og sjó eftir því sem hægt er á viðkomandi svæði. Við afmörkun lóða á svæðum utan þéttbýlis skal þess gætt að rými sé fyrir aðkomu að og meðfram vötnum, ám og sjó.



Axel Benediktsson  
sérfræðingur

Virðingarfyllst



Rakel Kristjánsdóttir  
sérfræðingur